

## 1047. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. september 2010 kl. 18:15, Kringlunni 7, 0. hæð.

Mættir: Óskar Kristjánsson (ÓK), Jóhanna Rúnarsdóttir (JR), Hildur Mósesdóttir (HM), SigurðurSígússon (SS), Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Sigríður Sigurðardóttir (SSig), Guðrún HelgaTómasdóttir (GHT), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir (JGÓ), Bjarki Steingrímsson (BS), Jón Magnússon (JM), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Benedikt Vilhjálmsson(BV), Birgir Már Guðmundsson(BMG), Bergur Þór Steingrímsson(BPS). Fundinn sat einnig Elías Magnússon (EM), sviðsstjóri kjarasviðs VR, og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

### 2. Orlofsmál.

Samþykkt að skoða í samvinnu við landeigendur endurbætur á veginum í Miðhús.

### 3. Kjarasamningar og skipulagsbreytingar ASÍ

Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ var með framsögu. Umræður um skipulagsmálin og kjaramálin.

### 4. Önnur mál.

a) BS leggur fram og mælti fyrir eftirfarandi tillögu;

*Stórn VR  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík*

*Þar sem Ragnar Önundarson skipar sæti varaformanns stjórnar Lífeyrissjóðs Verslunarmanna fyrir hönd VR Stéttarfélags. En Ragnar Önundarson gengdi stöðu framkvæmdastjóra Kreditkorta þegar fyrirtækinu var gert að greiða*

*185 miljónir króna í stjórnvaldssekt, vegna þáttöku þess í samkeppnishamlandi brotum á markaði. Kreditkortafyrirtækjum, Kreditkort, Fjölgreiðslumiðlun og Greiðslumiðlun var gert að greiða alls 735 miljónir króna í sketir fyrir brot sín.*

*Vart þarf að nefna að félagsmenn VR, jafnt og aðrir landsmenn sem og fyrirtæki, hafa greitt þessa sekt með auknum álögum á kreditkortum og annarri þjónustu sem greiðða þarf fyrir til að geta þjónustað krothafa og sölu aðila á landinu.*

*Að ofantöldu nefndu, er það eindregin ósk stjórnar VR, að Ragnar Önundarson segi sig frá trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir hönd VR. Jafnt í stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna sem og úr stórn Framtakssjóðs Íslands, enda telur stjórn VR að traust og trúverðugleiki verði ekki byggður upp á Íslandi með Ragnar Önundarsyni og hans líkum í ábyrgðarmiklum trúnaðarstörfum fyrir hönd félagsmanna okkar.*

*Óskar stjórn Vr eftir því, að varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna sýni okkur þennan skilning með afsögn sinni nú þegar. Virðingarfyllt,*

*Bjarki Steingrímsson*  
*Stjórnarmaður og fyrrum varaformaður VR*

Umræður

Borið undir atkvæði að málinu yrði frestað. Tillagan var felld  
Tillaga BS borin upp til afgreiðslu og felld.

Ragnar Þór óskar eftir að atkvæði sitt sé bókað, en hann greiddi atkvæði með tillögu BS.

Fleira ekki gert